

Stjórnarfundur þriðjudaginn 13. mars 2018 kl. 17.15

Mættir eru Snorri Þorvaldsson, Kristín Ólafsdóttir, Gunnar Örn Guðmundsson, Vilborg Ævarsdóttir, Jakob Kristinsson, Hólmfríður Inga Eyjólfsdóttir, Eiður Ottó Bjarnason íþróttafulltrúi, Jón Þór Ólason framkvæmdastjóri og ritari Sigurða Sigurðardóttir.

Dagskrá:

1. Aðalfundur deilda og félagsins
 2. Bókhald deilda
 3. Aðalfundur Aðalstjórnar
 4. Afmælisnefnd
 5. Önnur mál
 - 6.
-
1. Allar deildir innan Ármanns búnar að halda aðalfund nema Sunddeild og Fimleikadeild. Fimleikadeildin heldur aðalfund síðar í mánuðinum.
 2. Bókhald aðalstjórnar og allra deilda tilbúið.
 3. Aðalstjórn verður með aðalfund sinn fimmtudaginn 22.mars, nk. kl. 20 í hátíðarsal Laugabóls. Kristín Ólafsdóttir hefur ákveðið að ganga úr aðalstjórn, einnig hætti Lárus Páll Pálsson á tímabilinu vegna búferla. Kosnir verða 7 aðalmenn og þrír varamenn.
 4. Afmælisnefnd: Vilborg Ævarsdóttir kosin formaður nefndarinnar, með henni í afmælisnefnd var stungið uppá Tryggva Gunnars úr Júdo, Sæunni Viggós og Elsu Guðmunds úr fimleikadeild.
 5. Jón Þór sagði frá tjóni sem varð á þaki skíðaskála Ármanns í Bláfjöllum í óveðri sem gekk yfir. Einnig varð mikið tjón í Ármannsheimilinu þegar brunndælur biluðu og vatn flæddi inn í bardagasal sem varð þess valdandi að gólfefni skemmdust ásamt fjölda dýna. Fjárhagstjón sem metið er á nokkrar milljónir.
 - 6.

Fundi slitið kl. 18.15

Sigurða Sigurðardóttir ritari